

Nefndasvið Alþingis
vt. allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið:
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. mars 2023.

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Happprætti Háskóla Íslands og lögum um happprætti (bann við rekstri spilakassa).

Vísað er til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 3. mars sl., en þar var óskað eftir umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um frumvarp um breytingu á lögum um Happprætti Háskóla Íslands og lögum um happprætti, þingskjal 92 – 92. mál. Flutningsmenn frumvarpsins eru Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

Hér fer sameiginleg umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða krossins á Íslandi. Ástæða þess er sú að þessi tveir aðilar standa sameiginlega að rekstri Íslandsspila en það félag rekur söfnunarkassa víðs vegar um landið. Allur ágóði þess félags rennur til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða krossins á Íslandi og gerir þessum tveimur aðilum kleift að sinna mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Báðir aðilar hafa lögbundnar skyldur til að sinna almannavörnum um allt land. Fjármunir frá Íslandsspilum eru nýttir til að fjármagna tækjakaup, þjálfá sjálfboðaliða og til að tryggja viðbragðsgetu félaganna vegna hamfara og annarra neyðarviðbragða á Íslandi.

Það frumvarp sem umsögn þessi varðar hefur áður verið flutt á Alþingi. Í því sambandi vísast til 62. máls á 152. löggjafarþingi 2021-2022. Eins og fram kom í umsögn félaganna um ofangreint þingmál lögðu þau áherslu á að beðið yrði eftir niðurstöðum starfshóps um happprætti og fjárhættuspil, sem þáverandi dómsmálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, skipaði á vormánuðum 2021. Í því sambandi vísast til fréttatilkynningar dómsmálaráðuneytis frá 29. apríl 2021.

Formaður starfshópsins skilaði skýrslu sinni þann 1. desember 2022 en þar voru kynntar tilteknar tillögur að breytingum á sviði happdrættismála. Ekki náðist hins vegar samstaða innan starfshópsins um efni skýrslunnar og skiluðu því fulltrúar happdrættisfyrirtækja sameiginlega séráliti með tillögum um réttarbætur á sviði happdrættismála.

Rauði krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg áréttu þau sjónarmið sem fram koma í fyrri umsögn félaganna og séráliti því sem fylgdi áður nefndri skýrslu. Rétt er að benda á að verði það frumvarp, sem umsögn þessi varðar, samþykkt sem lög frá Alþingi mun það kippa stoðum undan starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða krossins á Íslandi. Umrædd félög munu ekki geta sinnt þeim lífsbjargandi verkefnum sem þeim ber að sinna lögum samkvæmt.

Auk framangreinds má benda á að verði frumvarpið að lögum mun það leiða til þess að erlendir aðilar, sem reka heimasíður þar sem boðið er upp á peningaspil á netinu, munu yfirtaka markað fyrir leiki á netinu á Íslandi. Í raun myndi starfsemi þessara aðila verða eftirlitslaus með öllu þar sem hún er rekin erlendis en í gegnum netið.

Með vísan til þessa leggjast Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauði krossinn á Íslandi gegn samþykkt frumvarpsins og áréttu mikilvægi þess að heildstæð umræða eigi sér stað um fyrirkomulag happdrættismála.

Virðingarfyllt,

f.h. Rauða krossins á Íslandi
Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjörg
Kristján Þór Harðarson, framkvæmdastjóri